

EYSTRAHORN

36.tbl. 41. árgangur

26.október 2023

www.eystrahorn.is



Horft niður Flumbrugil
Mynd: Elsa Hauksdóttir

Forsíðumynd í síðasta tölublaði var af
Sauðshamarstindi og leiðréttist hér með

NÆTURÚTVARP Í SVAVARSSAFNI



Næsti listamaður sem sýnir í Svavarssafni er Ásta Fanney Sigurðardóttir. Verk hennar eru ekki bara bundin við striga eða rými heldur vinnur hún frjálst með tóna, hljóð, orð og gjörninga í verkum sínum. Meðal verka í þeim anda eru verkin Lunar-10.13&Gáta Nórensu sem hún sýndi á listasafni Íslands til að sjá þetta verk og opna á samtal. Strax þegar við kynntumst verkinu betur kom kveikjan. Í miðju verki er lítill kassi, sem virðist jafnvel vera ómálaður, en þó er hann það ekki. Hann virkar á mig eins og hálfgyllt gat inn í málverkið. Á þessum fleti býr manneskjan, hún er í eilífu samtali við umhverfi sitt og horfir á öll form frá þessum eina punkti. Þessi kassi er líka hlið eða dyr til að komast baksviðs og sjá liti og ljós frá annarri hlið. Allt er sjónarhorn. Á sýningunni í Svavarssafni gengur áhorfandinn í raun inn í málverkið og form málverksins leika lausum hala, þau sameinast náttúrunni á einn eða annan hátt. „

Hvað er Næturútlarp?

„Næturútlarp er flóktandi ljós á þokubakka, melódía úr draumi sem hverfur um leið og þú vaknar, undirmeðvitund sem finnur á sér framtíðina, svefnganga á sandi. Sýningin er í raun óður til tónlistar og ljóss,“ segir listakonan. „Það má segja að ég sé að líma saman mismunandi listfög, bræða saman list og náttúru. Kannski af því ég geri myndlist, ljóð og tónlist þá er ég að reyna að tengja þetta allt saman. Tónlist er haldreipi, áminning og kveikja á meðan myndlistin er uppljómun og opnun, ljóð tengir hug við hjarta og heldur mér réttu megin við línuna. Og allt þetta gerir líka allt hitt, skilgreiningarnar eru vanalega bara þarna til rugla í þér. En þessi sýning er svo margt finnst mér,

hún stiklar á ólíkum steinum. Þetta er líka óður til vináttu og lita og til náttúrunnar og alls þess sem er falið bakvið, þetta er tenging milli allra hluta. Ég og Svavar eru þarna að tala saman kannski, eða ég er að rugla eitthvað í honum.“

Eins konar abstrakt útlarp

„Kveikjan að sýningunni var olíumálverk eftir Svavar Guðnason sem heitir Næturútlarp á Örafajökli. Margrét Áskelsdóttir sýningarstjóri fór með mig á Listasafn Íslands til að sjá þetta verk og opna á samtal. Strax þegar við kynntumst verkinu betur kom kveikjan. Í miðju verki er lítill kassi, sem virðist jafnvel vera ómálaður, en þó er hann það ekki. Hann virkar á mig eins og hálfgyllt gat inn í málverkið. Á þessum fleti býr manneskjan, hún er í eilífu samtali við umhverfi sitt og horfir á öll form frá þessum eina punkti. Þessi kassi er líka hlið eða dyr til að komast baksviðs og sjá liti og ljós frá annarri hlið. Allt er sjónarhorn. Á sýningunni í Svavarssafni gengur áhorfandinn í raun inn í málverkið og form málverksins leika lausum hala, þau sameinast náttúrunni á einn eða annan hátt. „

Frænka þín er líka Bill Murray

Safnvörður reynir að ímynda sér þetta án þess að takast. Listakonan heldur áfram að lýsa verkinu:

„Þetta er líka marglaga af því að Næturútlarpið er líka eins konar nótt margra ólíkra drauma með skýrum eða óskýrum bilum á milli sín. Þannig horfi ég á þessi form, þau breytast og blandast saman í þessum næturdraumum og afbakast, fyrst kemur draumur þar sem mamma þín er líka frænka þín sem er líka Bill Murray og næsti draumur er lengri og einfaldari af fallegu úri á vinstri hönd.“

En hvað með tónlistina, skýtur safnvörður ákafur inn, hvernig kemur tónlistin inn í þetta allt?

„Málverk Svavars, sem sýningin byggir öll á, var tileinkað tónskáldi sem var

vinur Svavars, það var Jón Leifs. Og þegar ég fór að hugsa um þetta þá fannst mér við hæfi að útbúa einhvers konar næturútlarp. Ég varð mér því út um nótnablöð með verkum Jóns Leifs sem ég tengdi við kraft málverksins og þema sýningarinnar. Ég klippti form málverksins úr nótnablöðunum, svo úr urðu bútar mismunandi nótnaklippa. Ég fékk sellóleikarann og tónlistarkonuna Gyðu Valtýrs til liðs við mig til þess að spila þessar úrklippur, og þannig vorum við að hljóðgera málverkið. Ur urðu fallegar og undarlegar klippur sem óma í rýminu. Tónverkin eru þarna orðin eins konar abstrakt útlarp sem verið er að skipta um stöð, aftur og aftur en þú heyrir alltaf sama verkið bara öðruvísi, koma og fara, verkið líf og dauði, Vita et Mors. Þetta er í raun eins konar hljóðmálverk. Hljóðmálverkin sjóngeri ég síðan aftur í klassísku málverki og loka þar með hringnum á milli mín, Svavars, Jóns, náttúrunnar, tímans og draumsins“

Safnvörður hristir höfuðið enn áttavilltari en áður.

„Þá ómar í útlarpinu píanóverk sem er unnið út frá tónverkinu Vökudraumar eftir Jón þar sem Ásthildur Ákadóttir fer á kostum í píanóleik. Það er ekki eins hættulega og glæpsamlega klippt út eins og hitt verkið en það er meira eins og þegar Svavar lýsir litum í málverki, eins og það eimi eftir af gömlu ævintýri. Þannig eimir eftir af tónverkinu í spunnu draumkenndu píanói sem leysir sig frá nótnablaðinu og fer sínar eigin leiðir. Eins og skuggi af vökunni blæði inn í svefninn, það sést í gegnum skilin, skil á milli svefns og vöku. Mér finnst þetta vera eins og þegar þú horfir inn í ísjaka eða jökul, þú getur séð lög og lög og lög af tíma, bláum tíma. Þetta er einmitt einn af þeim litum í sýningunni, þessi jökulblái litur sem er svo skær að hann glóir næstum, svefn og vaka sem glóir til skiptis.

Sýningin Næturútlarp opnar klukkan fjögur laugardaginn 28. október. Verið öll velkomin.



Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs. Leitað er að öflugum leiðtoga til að leiða áfram þau verkefni sem fram undan eru á sviðinu. Undir sviðið heyra m.a. stjórnsýsla og gæðamál, mannauðsmál sveitarfélagsins, upplýsingatæknimál ásamt menningar- og atvinnu- og þróunarmálum ásamt nýsköpun. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs heyrir beint undir bæjarstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með daglegum rekstri og stjórnsýslu sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með mannauðs- og gæðamálum
- Yfirumsjón með lögfræðimálum
- Yfirumsjón atvinnu-, menningar-, upplýsingatækni- og persónuverndarmála
- Yfirumsjón með þróunarmálum og nýsköpun
- Yfirumsjón miðlægrar upplýsingagjafar og þjónustu
- Stuðningur og ráðgjöf til stjórnenda í sveitarfélaginu um faglega stjórnsýslu og mannauðsmál
- Stoðþjónusta við önnur fagsvið og stofnanir
- Umsjón og eftirfylgni samstarfssamninga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. lögfræði. Framhaldsmenntun er kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af mannauðsstjórnun
- Þekking og farsæl reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Geta til þess að vinna undir álagi
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu.

Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember.

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@haqvangur.is.



HAGYRÐINGA- SKEMMTUN



Smyrlabjörgum
28. október nk.

Borðhald hefst
kl. 18.30
og Hagyrðingar
stíga á svið
kl. 20.15.

Hagyrðingar eru:
Sveinn Sigmundsson,
Þorsteinn Bergsson,
Snorri Aðalsteinsson og
Guðmundur Ingi Sigbjörnsson,
sem jafnframt stýrir skemmtuninni.

Matur og skemmtun kr. 10.000.- .
Einar Guðmundsson og félagar leika fyrir dansi.

Miðpantanir í síma 478 1074 / 893 6974

Félag Harmonikuunnenda Hornafirði
Hótel Smyrlabjörg

Félag
Harmonikuunnenda



á Hornafirði

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIRÐINGA



Það var fjör á vöfluballinu á
sunnudaginn!

Næst er það félagsvist.

Þriggja kvölda félagsvist byrjar
fimmtudaginn 26. október kl. 20:00.

Miðaverð kr. 1.500,-

Mætum vel og höfum gaman saman

Dans og spilanevndin

Vetrargleði

í Arnanesi

laugardaginn 4. nóvember 2023

Matarveisla • Tónlist • Söngur • Gamanmál
• jafnvel stíginn dans.



Húsið opnað kl. 18
borðhald kl. 19

Verð á mann
kr. 7.900

Heilgrilluð lömb

Gisting í boði þessa helgi!

Pakki 1. Föstudag til sunnudags

Kjötsúpa föstudagskvöld, morgunmatur laugardag,
matarveislan og dögurður á sunnudeginum.

Verð fyrir tvo kr. 44.300.

Pakki 2. Laugardagur til sunnudags

Matarveislan og dögurður á sunnudeginum.

Verð fyrir tvo kr. 31.800.

Upplýsingar í síma 848 8828 eða arnanes@arnanes.is

www.arnanes.is

Athugið takmarkaður fjöldi.

Inkscape Hönnun



INKSCAPE
Draw Freely

Grunn- og Byrjendanámskeið


Örnámskeið í Inkscape hönnunarforritinu. Námskeiðið verður haldið
þriðjudaginn 31. Október frá 17:00-19:00 í Fab Lab smiðjunni.
Inkscape er teikni og hönnunarforrit sem er notað mikið til þess að hanna hluti
fyrir t.d. laserskera-og vinylskera. Takmarkaður fjöldi. Námskeiðið er FRÍTT.
Skráning: sindriorn@hornafjordur.is / sími: 470-8475

Þriðjudagur 31. október: Námskeið 17:00 - 19:00
Fimmtudagur 2. nóvember: Ópið 15:00 - 17:00



Öll rjúpnaveiði er bönnuð í
landi Skálafells II

Landeigendur



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
 Útgefandi: Eystrahorn ehf.
 Ritstjóri og
 ábyrgðarmaður: Arndís
 Lára Kolbrúnardóttir
 Netfang: arndis@
 eystrahorn.is
 Prófarkalestur: Guðlaug
 Hestnes
 Umbrot: Arndís Lára
 Kolbrúnardóttir
 Prentun: Litlaprent
 ISSN 1670-4126



Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
 sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
 fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÖKKUM ÉI AÐ SPÁ ÞIG

Jesús segir:
 „Éi nokkurn þyrstir þú komi hann
 til mín og drekk!
 Þá hefur Jesús sem trúa á mig
 munu renna
 legir bláskóttu“



Muna!
 500 kr.
 í hvern kassa

JÓL Í SKÓKASSA

HAFNARKIRKJA

HINN ÁRLEGI SKILADAGUR FYRIR
 JÓL Í SKÓKASSA VERÐUR

26. OKTÓBER

MILLI KL. 10 OG 13
 Í HAFNARKIRKJU

Hægt er að hafa samband við
 Prestana ef óskað er eftir að skila
 á öðrum tíma

Allra heilagra messa

Miðvikudaginn 1. nóvember
 kl. 20:00

Látinna minnst og hægt verður að kveikja á kertum til að
 minnast þeirra sem gengin eru á undan okkur




**Bólusetning gegn influensu og covid hófst þann
 16. október á Heilsugæslunni á Höfn**


Athugið að Sóttvarnarlæknir mælist til að eftirtaldir áhættuþópar njóti forgangs við
 bólusetningar. Einstaklingar panti tíma í bólusetningu á sinni heilsugæslustöð í síma.

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-,
 nýrna- og lífrásjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum
 ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuþópum sem
 taldir eru upp hér að ofan.

Tímabókanir fara fram milli 9-11 alla virka daga.
 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði 432-2900



HEILBRIGÐISSTOFNUN
 SUDURLANDS




**Víkurbraut 1 og 5, Álaugarveg 2 og Heppuveg 5 og 7 –
 Breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti
 auglýsingu skipulagslýsingar á fundi 12. október 2023 vegna
 breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags.

Svæðið nær til Víkurbrautar 1 og 5, Álaugarveg 2 og
 Heppuvegar 5 og 7. Meginmarkmið skipulagsins er að styrkja
 miðbæ Hafnar með fjölbreyttri uppbyggingu þar sem tekið er
 tillit til manneskjulegs umhverfis svo unnt sé að skapa lifandi
 miðbæjarkjarna þar sem gott mannlíf þrífst til samræmis við
 áherslur aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Skipulagslýsingin er aðgengileg gegnum skipulagsgátt
 Skipulagsstofnunar, www.skiplagsgatt.is og þar er einnig
 tekið við athugasemdum.

Umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnabraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Papriku og valhnetudýfa er í boði Eystrahorns þessa vikuna

Þessi réttur passar við öll tilefni, hvort sem það er í kvöldmat, í saumaklúbbinn eða til þess að njóta yfir góðri bíómynd, Njótið vel.



Hráefni

3 Rauðar paprikur
1 hvítlaukur
Chillikrydd
Kúmen
Salt og pipar
Döðlusýróp
Granateplafrae
Steinselja
Valhnetur
Brauðmyslna
Góð olía

Aðferð:

Bakið paprikurnar og hvítlaukinn þar til það eru orðið mjúkt og örliðið brennt. Setjið paprikurnar í lokað ílát og leyfið þeim að “svitna” í 15 mínútur. Takið svo húðina af og hreinsið fræin og stilkana frá. Setjið allt saman í blandara og kryddið eftir smekk, bætið við döðlusýrópi og olíu.

Setjið blönduna í skál og stráðið grantaepplafraem og ferskri steinselju yfir ásamt dreitil af sýrópi og olíu. Njótið með góðu brauði eða kexi.

Verði ykkur að góðu

ORÐALEIT



VALHNETA
MÁLSÓKN
SAMRÁÐ
AUGLÝSING
JÖFNUHNEPPI
VETRARDEKK
SAMGÖNGUÆÐ
UMFRYMI
UMHEIMUR
ÚTFYLLTUR
LANGLOKA



ÞORVALDUR ÞUSAR

Nú um stundir er mikið rætt um hvers kyns samráð. Ég er ekki alveg með á nótunum í þessari umræðu. Ég veit ekki betur en samráð hafi viðgengist um áraraddir í okkar annars ágæta samfélagi. Hver man ekki eftir

samráði olíufélaganna eða samráði fyrirtækja á dagvörumarkaði svo nefnd séu dæmi. Því var haldið fram að megingilgangur með öllu þessu væri í raun ný útgáfa af samvinnu þar sem megin tilgangurinn væri að vernda og bæta hag okkar neytenda. Datt einhverjum nokkuð annað í hug? Þetta fyrirkomulag hentar ýmsum vel t.d. sama verð á eldsneyti kemur í veg fyrir að maður fyllist valkvíða vegna þess að verðið er misjafnt eftir olíufélögum. Ekki væri það í þágu okkar neytenda ef t.d. kílóíð af sykri væri selt á ólíku verði í hinum ýmsu verslunum, sem þýddi að við neytendur

ÞANNIG ER ÞAÐ NÚ

værum á stöðugum þvælingi eftir lágsta verðinu. Töluglökkir hafa bent á að á landsbyggðinni sé aðeins eitt verð þ.e.a.s. hæsta verðið. Svo ætlaði allt um koll að keyra á dögnum þegar skipafélögin urðu uppvis að samráði. Eins og það sé nú að gerast allt í einu! Að vísu hafði eitt félagið séð hag sinn í að viðurkenna samráð, en viti menn þá kom það næsta og hótaði málsókn og leiðindum vegna þess að þar var farið með rangt mál. Heyrst hefur að eigandi vel þekkt skipafélags hyggist nú breyta nafni félagsins í Skipafélagið Samráð.

Kveðja Þorvaldur

SPURNING VIKUNNAR

Ef þú mættir borða kvöldmat með hverjum sem er, lifandi eða dánnum, frægum eða ófrægum, hvern myndir þú velja?



Tryggvi Valur Tryggvason
Ómar Magnússon heitinn, besta vin minn



Jakob Guðlaugsson
Jakob Guðlaugsson, afa minn



Ingibjörg Guðmundsdóttir
Prins Pólo



Svala Björk Kristjánsdóttir
Frída Kahlo

Alla leið á öruggari dekkjum



Henta vel
undir rafbíla



Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálku, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km.

Betri aksturseiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila.

Hámarksgríp með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð.

Einstök ending.

Lágmarks hljóðmengun.



Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin.

Aukið gríp í hálku, snjó og slabbi.

Endingargott gríp út líftímann.

Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður.

Allir bestu eiginleikarnir
– Michelin Total Performance.



Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar.

Endingargott gríp út líftímann.

Lagskipt gúmmiblanda sem veitir hámarksgríp.

Notaðu
N1 kortið ...



Verslun N1
Vesturbraut 1, Höfn, 478 1940

N1 ALLA LEIÐ